

Sveitarfélagið Ölfus  
Gunnlaugur Jónasson  
Hafnarbergi 1  
815 Þorlákshöfn

Reykjavík 26. maí 2020  
UST202005-068/A.B.  
10.04.03

**Efni: Lýsing – Deiliskipulag fyrir fiskeldi við Laxabraut í Þorlákshöfn –  
Sveitarfélagið Ölfuss**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Sveitarfélagsins Ölfuss er barst 6. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að deiliskipulagi fyrir allt að 5.000 tonna fiskeldi við Laxabraut í Þorlákshöfn.

Í erindi sveitarfélagsins og í greinargerð kemur fram að fyrirhugað er að fiskeldisstöðin rísi á iðnaðarsvæði (I-23) vestur af Þorlákshöfn, á lóðunum Laxabraut 21, 23 og 25 þar sem gert er ráð fyrir húsi, kerjum, vatnsmiðlunartönkum, fódursílóum og súrefnistönkum auk vatns- og frárennislögnnum, vegaslóða og bílastæðum. Auk þess kemur fram að vatnsöflun til rekstursins verður frá borholum innan lóðar og frárennsli verður hreinsað áður en því er veitt til sjávar.

Umhverfisstofnun vill benda á að stofnunin veitti umsögn til Skipulagsstofnunar þann 3. mars sl. varðandi frummatsskýrslu ofangreinds verkefnis.

**Frárennsli**

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitu og skólp, en þar segir í gr. 9.2 að leggja þurfi útrás minnst 5 metra niður fyrir meðalstórstraumsfjöruborð eða 20 metra út frá meðalstórstraumsfjörumörkum. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um fráveitumál í tillögunni og umhverfisáhrif hennar á viðtaka og lífríki.

**Úrgangur**

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að í tillögunni sé fjallað um meðhöndlun úrgangs frá eldinu eins og fastefnis (set úr hreinsunarsíum), dauðum fiski og blóðvatns og hvort lífrænn úrgangur er sendur í urðun eða í endurnýtingu. Umhverfisstofnun bendir á að endurnýting er ofar en förgun í forgangsröðun um meðhöndlun úrgangs skv. 7. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Efnið sem síast úr frárennsli fiskeldis er að mestu næringarefni köfnunarefnis og fosfórs í formi saurs fiska og fóðurleifa.

Umhverfisstofnun telur mikinn umhverfisávinning felast í því að minnka magn lífræns efnis í urðun og tekur fram að næringargildi efnisins er talsvert og því hentugt til endurnýtingar. Stofnunin vinnur að gerð leiðbeininga til aðila í fiskeldi á landi um endurnýtingarmöguleika fastefna/sets úr frárennsli fremur en til förgunar með urðun. Er slík stefna í samræmi við Landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2013-2024: Úrgangsstjórnun til framtíðar (umhverfis- og auðlindaráðuneytið, 2013).

### Ásýnd og rask

Þar sem tillagan gerir ráð fyrir töluverðum framkvæmdum á óröskuðu landi og er því mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að halda raski í lágmarki.

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að allar byggingar falli vel að svipmóti og einkenni lands eins og kostur er. Í umfjöllun um umhverfis- og menningargæði í landskipulagstefnu segir að mikilvægt er að huga að ásýnd og yfirbragði nýrra mannvirkja í dreifbýli og hvernig þau falla að umhverfi sínu. Einstök mannvirki geta orðið áberandi í landi því oft sést vítt yfir til sveita.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að í 69. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Við hönnun vega, virkjana, verksmiðja og annarra mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands. Við mat á umhverfisáhrifum og afgreiðslu leyfisumsókna vegna slíkra framkvæmda skal taka afstöðu til þessa atriðis.“

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögunni áhrif bygginga, vega og útrásar fráveitu á ásýnd svæðisins.

### Samlegðaráhrif

Umhverfisstofnun bendir á að í 5.4.1 gr. skipulagsreglugerðar 90/2013 segir að við gerð deiliskipulags skuli meta líkleg áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfrar, svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, hljóðvist, loftgæði, hagkvæmni, veðurfar, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

Í greinargerð kemur fram að nú þegar eru starfrækt fiskeldisfyrirtæki austar á ströndinni. Fjarlægð frárennslis þeirra þriggja fiskeldisfyrirtækja er þegar eru með rekstur á svæðinu er milli 1.400 til 2.500 m mælt eftir strandlínu.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að samlegðaráhrif séu metin í tillögunni þá sérstaklega m.t.t. til fráveitu og úrgangs.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Rakel Kristjánsdóttir  
sérfræðingur